

- Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.
- f. Fyrir vatnsnot til fiskverkunar skal greiða kr. 90.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
  - g. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimilisvéla, s. s. kælikerfa, þvottavéla o. s. frv., skal greiða með kr. 4.00 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er bæjarráði að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
  - h. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, og ekki heyra undir ákvæði 14. gr. skal fara eftir ákvörðun bæjarráðs. Jafnan skal stuðst við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg stór notkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur bæjarráð sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má ekki flytja burt af framleiðslustað fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, skv. síðari greinum þessarar reglugerðar, ef út af er brugðið.

#### 4. gr.

20. gr. orðist svo:

Þar sem vatnsnot eru mikil, eða komi í ljós að þau séu óeðlileg, er bæjarráði og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts, skv. vatnsmælingu, eða eftir ákvörðun bæjarráðs. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 4.00 á smálest.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 13. júní 1972 um holræsi í Siglufjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

18. gr. orðist svo:

Holræsagjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs Siglufjarðar af öllum eignum, sem metnar eru til fasteignamats og skal vera 0.15% af fasteignamati húss og lóðar eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja fasteign skal vera kr. 1 000.00.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

#### 2. gr.

19. gr. orðist svo:

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og gera lögtak í hinni skattskyldu fasteign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 3. gr.

20. gr. orðist svo:

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglu-  
fjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að  
öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. maí 1976.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

25. mars 1976.

Nr. 202.

**REGLUGERÐ**

**fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.**

1. gr.

**Gildissvið.**

Reglugerð þessi gildir í lögsagnarumdæmi Reykhólahrepps.

2. gr.

**Stjórn hitaveitunnar.**

Hreppsnefnd Reykhólahrepps fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd er heimilt að skipa hitaveitustjóra, er annist daglegan rekstur hitaveitunnar, en hreppsnefnd skipar starfsmenn honum til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

**Einkaleyfi hitaveitu.**

Hitaveita Reykhólahrepps hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast dreifingu og sölu á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

4. gr.

**Dreifikerfi.**

Hreppsnefnd lætur leggja allt dreifikerfi hitaveitunnar utanhúss og inn fyrir húsvegg, enn fremur stofnleiðslu þaðan inn fyrir rennslisheimil og telst dreifikerfi hitaveitunnar ná þangað, og vera eign hitaveitunnar.

5. gr.

**Viðhaldsskylda.**

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfinu. Notanda er óheimilt að torvelda á nokkurn hátt aðgang til eftirlits og viðhalds á dreifikerfinu og má m. a. ekki hylja það innanhúss.